



TILVÍSANIR

Til að fá nýjustu fréttir og uppfærslur er hægt að heimsækja okkur á www.westwood.com

INNIHALD

Vélbúnaðarkröfur	2	Að fjarlægja leikinn /	
Lágmarks vélbúnaður	2	Setja leikinn inn aftur	6
Mælt er með eftirfarandi vélbúnaði	2	Að byrja leik	6
Aukabúnaður fyrir fjölspilun	3	Fjölspilun	6
Uppsetning á DIRECTX™	4	Að spila á Internetinu	7
Að setja inn leikinn	5	Vandamál	16

VÉLBÚNAÐARKRÖFUR

LÁGMARKS VÉLBÚNAÐUR

- Windows® 95/98 eða Windows NT (með þjónustupakka 3 eða hærri)
- 166MHz eða hraðari Intel® Pentium® örgjörvi
- 32 MB RAM
- 200 MB af lausu harðdiskplássi að auki þarf pláss fyrir vistaða leiki
- 4x CD-ROM drif
- 16-bit lita skjákort
- 2MB skjákort (in 640x400). Hægt er að keyra leikinn í hærri upplausn með korti sem er með 4MB eða meira.
- 100% Microsoft® samhæfða mús
- DirectX 6™ (fylgir með)
- DirectSound™ samhæft hljóðkort; 8 bit, 16 bit, 32 bit eða 100% Sound Blaster™ samhæft

MÆLT ER MEÐ EFTIRFARANDI VÉLBÚNAÐI

- Windows 95/98 eða Windows NT (með þjónustupakka 3 eða hærri)
- 233MHz eða hraðari Intel Pentium II örgjörvi
- 64 MB RAM
- 200 MB af lausu harðdiskplássi að auki þarf pláss fyrir vistaða leiki
- 4x CD-ROM drif
- 16-bit lita skjákort
- 4MB skjákort
- 100% Microsoft samhæfða mús
- DirectX 6™ (fylgir með)
- DirectSound™ samhæft hljóðkort; 8 bit, 16 bit, 32 bit eða 100% Sound Blaster™ samhæft

AUKABÚNAÐUR FYRIR FJÖLSPILUN

Internet (2-4 leikmenn)

- 28.8 Kbps mótald
- Internetþjónusta með TCP/IP tengingu
- 1 geisladisk með leiknum fyrir hverja tölvu

Null Mótald (2 leikmenn)

- Null mótaldskapal
- Háhraða serial port
- 1 geisladisk með leiknum fyrir hverja tölvu

Mótald (2 leikmenn)

- 28.8 Kbps mótald
- 1 geisladisk með leiknum fyrir hverja tölvu

Staðarnet (2-8 leikmenn)

- IPX staðarnet
- 1 geisladisk með leiknum fyrir hverja tölvu

UPPSETNING Á DIRECTX™

Lesið þessa kafla áður en Command & Conquer Tiberian Sun er settur inn eða DirectX reklar.

Athugið: Þessi kafli vísar í ákveðnar upplýsingar sem fylgja með Windows 95 & 98. Ef Windows NT 4.0 er notað þarf „service pack 3“ (sem er uppfærsla á stýrikerfinu og inniheldur DirectX). Þjónustupakkinn 3 fyrir NT 4.0 fylgir ekki með Command & Conquer Tiberian Sun og verður að nálgast hann hjá Microsoft.

DirectX er kerfi sem hjálpar Windows 95/98 til að vinna hraðar og fær vélbúnaðinn til að skila meiri afköstum. Einnig einfaldar kerfið innsetningu og uppsetningu á vélbúnaðinum. Command & Conquer Tiberian Sun notar DirectX 6 API (sem var nýjasta útgáfan þegar leikurinn var gefinn út) og innihalda leikjaskrár DirectX 6 skrár sem hægt er að setja inn. Þegar þú setur leikinn inn ertu spurð(ur) af því hvort þú viljir setja inn DirectX 6. Ef þú hefur ekki DirectX 6 skal svara **YES** þegar spurningin birtist, annars skal velja **NO**.

Þú verður að nota skjá korta-, hljóðkorta- og þrívíddarkortarekla sem styðja DirectX 6. DirectDraw, DirectSound og Direct3D sem eru undirforrit DirectX 6, gætu krafist þess að uppfærsla fari fram á reklum fyrir skjá kort, hljóðkort og þrívíddarkort. DirectX 6 skrár sem fylgja með Command & Conquer Tiberian Sun innihalda rekla fyrir flest skjá kort, hljóðkort og þrívíddarkort. Ef þú ert með vélbúnað frá minna þekktum framleiðendum gætriðu þurft að hafa sambandi við þá til að fá rekla sem styðja DirectX 6.

Eftir að hafa sett inn DirectX 6 skal athuga hvort skjá kortið, hljóðkortið og þrívíddarkortið hafi rekla sem styðji DirectX 6 :

1) Smelltu á **START** á Windows 95/98/NT taskbar.

2) Smelltu á **[RUN]**.

3) Í **[RUN]** textareitnum skal skrifa **“c:\program files\directx\setup\dxdiag.exe”**, síðan skal smella á **[OK]**.

Greiningarforrit Direct X gefur þér upplýsingar um þá rekla sem skjá kortið, hljóðkortið og þrívíddarkortið hefur. Til að athuga með skjá kort rekla skal smella á **DISPLAY 1** takkann; til að athuga með rekla fyrir hljóðkortið skal smella á **SOUND** takkann; og til að athuga með rekla fyrir þrívíddarkortið skal smella á **DISPLAY 2** takkann. Á hverri þessarra skjámynda sést hvort reklarnir séu samþykktir af Microsoft sem DirectX 6 samhæfðir.

Ef að reklarnir eru merktir **“Certified: Yes”** eru kortin þín samhæfð DirectX 6 og ættu því að virka rétt.

Ef að reklarnir eru merktir **“Certified: No”** eru kortin þín ekki samhæfð DirectX6 og gætu þá komið upp vandamál. Ef að þetta er málið skal kíkja í textagluggann neðst á skjánum. Windows 98 notendur geta einnig skoðað **TROUBLESHOOT** möguleikann sem opna má með því að smella á **STILL STUCK?** takkann.

Athugið: Meðan á innsetningu DirectX 6 stendur ákvarðar forritið um hvort reklarnir geti verið uppfærðir. Og ef að eitthvað kemur uppá lætur forritið þig vita og er mælt með að fylgt verði öllum viðvörðunum frá því.

AÐ SETJA INN LEIKINN

1) Ræsa skal Windows 95/98 stýrikerfið.

2) Settu annan af tveimur Command & Conquer Tiberian Sun geisladiskunum í geisladrifið og keyrist þá upp sjálfkrafa valmynd.

Athugið: Ef að valmyndin birtist ekki sjálfkrafa skal tvísmella á **„My Computer“**. Síðan skal tvísmella á þá mynd sem stendur fyrir geisladrifið.

3) Veljið **[Install]**. (Athuga skal að ef að þú hefur þegar sett leikinn inn hverfur install valmöguleikinn úr valmyndinni)

4) Fylgja skal upplýsingum á skjá skref fyrir skref.

Beðið er um að slá inn seríal númeri vörunnar á meðan innsetningunni stendur. Númer þetta má finna á plástulstrinu sem hýsir geisladiska leiksins. Númer þetta er mismunandi á öllu eintökum leiksins og er því mikilvægt að geyma það á öruggum stað ef þú þarft að setja leikinn inn aftur síðar. Einnig er mikilvægt að láta númerið ekki af hendi þar sem það getur takmarkað möguleikann á að spila leikinn.

Athugið: Ef þú hefur ekki DirectX inni á tölvunni þinni eða ef þú ert með eldri útgáfu af DirectX, er mælt með að þú smellir á Yes þegar spurt er. Ef þú ert með DirectX 6.0 eða nýrra á tölvunni er mælt með að þú smellir á No.

Athugið: Til að fá frekari upplýsingar um DirectX 6.0 skal skoða kaflann **Uppsetning á DirectX**.

Í lok innsetningarinnar er hægt að velja um að spila leikinn, skoða lestumig skrár leiksins eða að hverfa til baka í Windows. Lestumig skráin getur innihaldið mikilvægar upplýsingar sem komu fram eftir að þessi bæklingur var prentaður.

AÐ FJARLÆGJA LEIKINN / SETJA LEIKINN INN AFTUR

Ef þú ert í vandræðum eða ef leikurinn fer ekki rétt inn er mælt með að setja leikinn inn aftur (re-install). Ef að vandamálið heldur áfram skal reyna að fjarlægja leikinn fyrst og setja hann svo aftur inn.

Til að fjarlægja *Command & Conquer Tiberian Sun*:

- 1) Settu *Command & Conquer Tiberian Sun* geisladiskinn inn í geisladrifið og þá birtist valmynd.

Athugið: Ef að valmyndin kemur ekki sjálfkrafa skal tvísmella á “My Computer” myndina. Síðan skal tvísmella á þá mynd sem stendur fyrir geisladrifið.

- 2) Velja skal **UNINSTALL**. (**Athugið:** Þessi valmöguleiki er aðeins mögulegur ef að þú hefur þegar sett inn leikinn áður.)
- 3) Fylgja skal upplýsingunum sem birtast á skjánum
- 4) Til að setja leikinn inn aftur (re-install) skal skoða leiðbeiningarnar með því hvernig setja á inn leikinn og passa uppá að seríal númer leiksins sé til taks.

AÐ BYRJA LEIK

- 1) Ræsa skal Windows 95/98 stýrikerfið.

Ef að *Command & Conquer Tiberian Sun* geisladiskurinn er ekki þegar í geisladrifiinu, skal setja hann í. Nú ætti valmynd að birtast. Ef að valmyndin birtist ekki sjálfkrafa eða að geisladiskurinn er þegar í geisladrifiinu skal tvísmella á „**My Computer**“ myndina. Síðan skal tvísmella á þá mynd sem stendur fyrir geisladrifið.

- 2) Smella skal á **[PLAY]** til að byrja *Command & Conquer Tiberian Sun*.

Athugið: Skoða skal leiðavísinn til að sjá hvernig spila á leikinn.

FJÖLSPILUN

Í *Command & Conquer Tiberian Sun*, getur þú spilað fjölspilunarleiki í gegnum internetið með því að nota “**Skirmish**” valmöguleikann.

Til að spila fjölspilunarleik í *Command & Conquer Tiberian Sun*, skal velja **MULTIPLAYER GAME** frá Main Menu og velja þá aðferð sem þú vilt nota.

AÐ SPILA Á INTERNETINU

Athugið: Áður en spila skal Internetleik verður að tryggja að þú sért tengd(ur) inn á internetið.

AÐ BYRJA

Með því að velja **INTERNET** á Multiplayer Game valmyndinni ferð þú á Westwood Online (WOL) skjámyndina. Ef þú hefur þegar aðgang á WOL, skal einfaldlega slá inn gælunafn og lykilorð og smella síðan á OK til að byrja. Ef að þú hefur ekki aðgang, getur þú búið hann til með því að smella á **NEW ACCOUNT** og fylgja leiðbeiningum á skjá. Til að snúa aftur á fjölspilunarvalmyndina skal smella á **CANCEL**.

AÐ SETJA UPP NÝJAN AÐGANG

Ef þú hefur ekki spilað á WOL áður, verður þú að búa til notendaaðgang áður en þú getur byrjað að spila. Smelltu á **NEW ACCOUNT** og byrjar þá sá ferill sem skilar þér í spilun á internetinu. Eftir að þú hefur tengt þig Westwood, verður þú að svara nokkrum spurningum áður en aðgangur verður búinn til fyrir þig.

Ef að allt gengur vel við að stofna aðganginn, er tenging við WOL reynd. Ef að forritið á í vandræðum með að ná sambandi við netþjón WOL koma upp skilaboð sem segja hvert vandamálið er. Til að fá frekari upplýsingur um möguleg vandamál skal skoða Vandamálaklaflann.

HVERNIG NOTA SKAL WOL

Þegar þú hefur náð sambandi við WOL, kemur upp aðalvalmynd þess. Á þessari skjámynd getur þú framkvæmt ýmsar aðgerðir eins og að fara inn í leik sem er í gangi, búa til nýjan leik, tala við aðra leikmenn, finna eða bjalla í aðra leikmenn og skoða hverjir eru bestir.

„Chat Messages“

Vinstri hliðin á “Chat” skjámyndinni er gluggi fyrir skilaboð sem koma inn eða eru á leið út. Um leið og fólk skrifar inn skilaboð birtast þau í glugganum. Til að senda skilaboð skal einfaldlega slá þau inn í textaglugga og ýta á enter takkann. Til að leggja áherslu á skilaboðin skal smella á **ACT** (action) á hægri hliðinni. Þá verða skilaboðin send í öðrum lit til að gefa mikilvægi þeirra til kynna. Til að senda skilaboðin á ákveðna aðila, en ekki alla sem inni eru, skal smella á þau nöfn sem skilaboðin eiga að fá.

Servers, Channels, Lobbies og Games.

Góð leið til að átta sig á uppbyggingu Westwood Online er að hugsa sér byggingar og herbergi. Kerfinu er skipt upp í „**servers**“, sem hægt er að ímynda sér sem byggingar. Hver bygging inniheldur nokkur herbergi, sem geta verið „**chat channels**“, „**game lobbies**“ eða „**games**“ (athuga skal að orðið „**room**“ eða „**herbergi**“ er stundum notað í skjali þessu til að vísa í game lobbies, chat channels og games). Oftast eru netþjónum skipt eftir löndum þannig að þú gætir til dæmis séð Asíu netþjón og Bandaríkja netþjón. Þú getur flutt þig frjálst á milli þeirra netþjóna sem í boði eru, en athuga skal að bestu tengingarnar eru á þeim netþjón sem næstur er.

Navigation glugginn á efri hluta skjámyndarinnar sýnir lista yfir byggingar og herbergi sem eru aðgengileg frá þinni staðsetningu. Nafnið á þinni núverandi staðsetningu er alltaf efst í Navigation glugganum.

Þegar þú tengist Westwood Online í fyrsta skipti, ertu sjálfkrafa settur á aðalvalmyndina. Aðalvalmyndin er herbergi þar sem þú getur talað við aðra notendur. Navigation glugginn gefur upp þá leiki sem þú getur tengst.

Hugmyndin á bak við aðalvalmyndina er að þú getir talað við aðra notendur og samið við þá um að spila leik. Síðan býr einn af leikmönnum til leik og birtist hann í nav. glugganum.

Það eru nokkrar aðalvalmyndir til á Westwood Online. Til að skoðan hinar aðalvalmyndirnar skal tvísmella á „**..back**“ í nav. glugganum

Þó að nav. glugginn uppfærast á mínútu fresti er hægt að uppfæra hann með því að smella á **REFRESH** takkann.

Hægt er að valsa um kerfið að vild, en athuga skal að til að spila *Command & Conquer Tiberian Sun* er nauðsynlegt að gera það í gegnum aðalvalmyndina.

Users

Allir aðrir notendur í herberginu eru listaðir í glugga sem er fyrir neðan nav. gluggann. Þessi gluggi gefur til kynna hverjir notendurnir eru.

Aðrir hnappar á WOL aðalvalmyndinni

Á botni aðalvalmyndarinnar eru hnappar sem hjálpa til við að finna og skoða upplýsingar varðandi *Command & Conquer Tiberian Sun* og aðrar vörur Westwood. Ef talið er frá vinstri eru takkarnir eftirfarandi :

- **“EXIT”** takkinn: Til að yfirgefa Westwood Online og fá smá svefn.
- **“FIND GAME”** takkinn: Finna leiki sem uppfylla ákveðin skilyrði sem þú leitar eftir, hvort það sé ákveðið landslag, fólk með hraðar tengingar eða einhver sem er að spila Tournament leiki.
- **“View Tournament Ladder”** takkinn: Skoða stöðu keppna.
- **“BattleClan™ web page”** takkinn: Til að fara í eða búa til BattleClan™, til að fá upplýsingar um klíkuna og sjá hverjar eru helstu klíkurarnar.
- **“Find/Page User”** takkinn: Til að senda skilaboð til vana þinna, ef þeir eru tengdir á WOL.

- **“Westwood Online Options”** takkinn: Til að stilla leikinn.
- **“Ignore User”** takkinn: Til að útiloka ákveðna notendur.
- **“Kick”** takkinn og **“Ban”** takkinn: Notaðir til að eiga við undarlegt fólk. Þessir tappar hjálpa við að halda ruddum og dónum út úr leiknum til að halda friðinn. Þú getur aðeins notað þessa takka ef þú ert staddur í þínu eigin herbergi.
- **“Help”** takkinn: Tengir inn á heimasíðu með nýjustu upplýsingum.
- **“Join”** takkinn: Spila með í þeim leikjum sem í gangi eru.
- **“New”** takkinn: Til að búa til þitt eigið herbergi.

Að finna leik

Um leið og þú vafrar um hinn heillandi heim internetspilunar vilt þú finna alvöru þrekaunir sem henta þér. Þú getur byrjað að velja einhvern af þeim leikjum sem eru á listanum á aðalvalmyndinni eða notað FIND GAME takkann til að ákveða hvaða gerð af leik þú ert að leita að. Find Game skjámyndin hefur marga valmöguleika til að finna ákveðnar gerðir að leikjum. Hér að neðan eru frekari upplýsingar um þá :

- **Max Players:** Notað til að setja „**Min**“ og „**Max**“ fjölda leikmanna sem mega spila leikinn.
- **Max Ping to Host:** Gerir kleift að setja „**Max**“ ping (eða samskiptahraða) sem leikurinn keyrir á. Því hærra sem talan er, því hægar geta tölvurnar talað við hvor aðra (vísbending: lágt er sama sem gott).
- **Tournament:** Hér eru þrjú valmöguleikar (Non-Tournament, Player Tournament og BattleClan™ Tournament) sem geta verið settir af eða á og gera þér þar með kleift að innihalda það sem þú vilt hafa.
- **Ladder Rank of Host:** Gerir þér kleift að setja „**Min**“ og „**Max**“ lá styrkleika þeirra sem leikinn halda. Því hærra sem styrkleikinn er því erfiðari andstæðingur.
- **Game Type:** Gerir þér kleift að velja hvaða gerð af leik þú vilt að leitin innihaldi.
- **Map:** Gerir þér kleift að velja hvaða gerðir af kortum þú vilt að leitin innihaldi.
- **Tech Level:** Gerir þér kleift að setja „**Min**“ og „**Max**“ stig þeirrar tækni sem nota á í leiknum. Því lægra tæknistig, þeim mun færri herdeildir er hægt að búa til.

Ef að þú vilt ekki sía út einhverja leiki, smellir þú á **SHOW ALL**. Og kemur þá listi yfir alla þá leiki sem til eru..

Þegar þú hefur stillt allar stillingar, skal smella á **REFRESH** og glugginn fyrir neðan Games title uppfærast með þeim leikjum sem uppfylla skilyrðin. Þegar þú smellir á ákveðin leik, kemur upp gluggi með upplýsingunum um leikinn svo þú getir séð allt um hann. Ef að leikurinn er að þínu skapi getur þú smellt á **JOIN** til að fara í þann leik. Ef þú vilt yfirgefa skjámyndina smellir þú á **CANCEL** til að fara aftur á aðalvalmyndina.

Að skoða hverjir eru bestir

Þegar þú hefur vanist því að spila á internetinu og vilt komast á næsta stig, er eins víst að þú viljir reyna keppnisleiki. Á keppnis (tournament) skjámyndinni getur þú leitað að fólki og séð hvar það er stadd í keppnunum. Á toppi skjámyndarinnar getur þú slegið inn nafn og séð ferill

þeirra og hvar þeir eru á listanum yfir bestu leikmenn. Ef þú vilt skoða alla leikmenn og hvar þeir standa skal smella á **NEXT** eða **BACK** til að fara í gegnum lista leikmanna. Þegar þú vilt síðan fara á aðalvalmyndina skaltu smella á **OK**.

Að finna persónur

Ef þú vilt leita uppi uppáhalds andstæðing þinn og þið eruð í sama herbergi er það ekkert mál; ef ekki, getur þú fundið hann/hana með því að smella á **FIND/PAGE**. Þegar það er valið kemur upp Find Screen. Sláðu inn nafn viðkomandi og smelltu á **FIND** til að sjá hvort að viðkomandi sé á netinu eða smelltu á **PAGE** til að senda viðkomandi skilaboð. Ef að persónan er ekki inni á netinu eða hafa slökkt á viðtöku skilaboða, kemur texti um það. Smelltu á **PAGE CLAN** til að senda skilaboð til allra klíkufélaga þinna sem eru inni á netinu eða smelltu á **CANCEL** til að fara aftur á aðalvalmynd.

Westwood Online valmöguleikar

Það eru stillingar sem hægt er að velja til að henta þínum þörfum. Þú getur valið á milli hvort þú viljir fá skilaboð, hvort þú viljir sía út dónaskap, sent upplýsingar svo aðrir geti fundið þig, slökkt og kveikt á tónlistinni, sýna alla leikina sem eru mögulegir eða til að stilla hljóð leiksins. Ljóðstillingar varða styrk tónlistar eða hljóðs og er það frá **0** (slökkt) to **10** (hæsta stilling).

Að búa til nýjan leik

TTil að búa til nýjan leik þarf maður að vera á aðalvalmyndinni (annars gætir þú búið til new chat channel í staðinn fyrir leik).

Með því að smella á **NEW** á Chat skjámyndinni, ferðu á New Game skjámyndina, þar sem þú byrjar að setja upp þinn eigin fjölspilunarleik. Þú getur stillt fjölda leikmanna sem þú vilt spila við með því að hreyfa til Players stikurnar. Þú getur sett lykilorð fyrir leikinn ef þú vilt aðeins spila við þína nánustu. Einnig getur þú ákveðið hvort þú vilt hafa þetta Tournament leik eða klíkukeppni. Ef þú vilt fara til baka á aðalvalmynd skal smella á **CANCEL**.

Þegar þú hefur smellt á **OK**, ferðu á Game Setup skjámyndina þar sem þú getur stillt allt varðandi leikinn. Eftir að leikur hefur verið búinn til, getur aðeins sá sem bjó til leikinn breytt valmöguleikum hans.

Að spila leik með mótaldi/serial kpli

Með því að velja **MODEM/SERIAL** í fyrsta skipti á Multiplayer Game valmyndinni ferðu á „**Settings**“ skjámyndina.

Undir „**Settings**“ valmyndinni, getur þú stillt hvaða com port þú vilt nota; velja hraða mótalds; setja upp strengi fyrir mótaldið og fleira tengt mótaldsleik.

Til að skilgreina strengi sem mótaldið notar, skal slá inn þær upplýsingar sem eru í leiðarvísi mótaldsins í „**Init String:**“ reitinn og smella síðan á **ADD**. Nýji strengurinn verður þá vistaður og bætist í lista neðst á skjánum. Ef þú vilt þurrka út streng skal smella á **DELETE**.

Eftir að þú hefur breytt þeim stillingum sem þarf skal smella á **SAVE** og þú getur nú notað

„**Dial**“, „**Answer**“ eða „**Null Modem**“ valmöguleikana. Til að yfirgefa þessa skjámynd skal smella á **CANCEL**.

Að ná sambandi

Ef þú smellir á **DIAL**, kemur upp listi með símanúmerum. Á lista þessum getur þú bætt við nýjum númerum, breytt númerum, þurrkað út númer eða hringt í númer. Þegar þú vilt snúa til baka á „**Modem/Serial**“ valmyndina, skal smella á **CANCEL**.

Þegar þú bætir við nýjum númerum í símaskránnu, færðu einnig að setja inn nafn viðkomandi númerahafa. Þegar þú hefur sett inn númerið skal smella á **SAVE** og þú ferð til baka í skránnu og er þá nýja númerið sem skráð var inn þar. Til að loka símaskránnu skal smella á **CANCEL**.

Að breyta númeri er einfalt, velja skal númer úr listanum og smella á **EDIT**. Gera skal allar þær breytingar sem gera á og smella síðan á **SAVE** til að staðfesta breytingarnar eða smella á **CANCEL** til að fara til baka án þess að vista breytingarnar.

Til að þurrka út númer skal velja það og smella á **DELETE**.

Til að spila mótalds/serial leik nú, skal velja það númer sem hringja skal til og smella á **DIAL**. Ef þú vilt breyta númeri skal smella á edit og breyta því og smella síðan á **DIAL**. Forritið byrjar nú að tengja þig við hinn leikmanninn. Ef einhverjar villur koma upp þegar tengingin á sér stað, kemur upp textagluggi sem segir hvert vandamálið er. Þegar þú ert tengd(ur) er hægt að setja upp nýjan fjölspilunarleik og byrja að sprengrja upp vini þína.

Að svara tengingu

Ef þú smellir á **ANSWER** í „**Modem/Serial**“ valmyndinni, mun forritið gera mótaldi klárt til að taka á móti símtali og bíður þess eins að hinn leikmaðurinn hringi. Ef einhverjar villur koma upp á meðan tengingu stendur, birtist textagluggi með skilaboðum um hvert vandamálið er. Þegar þú ert tengd(ur) er hægt að setja upp nýjan fjölspilunarleik og byrja að sprengrja upp vini þína. Aðeins sá sem hringir getur breytt stillingum leiks.

Að nota Null Modem

Tryggja verður að tölvan sé rétt upp sett og hafa þarf „**null modem**“ kapal (fánlegur í flestum tölvuverslunum) tengdan milli tveggja tölva. Það er mikilvægt að baud hraði serial portsins sé eins á báðum vélum. Þegar þetta er frágengið, skal smella á **NULL MODEM** og forritið byrjar að reyna að tengja vélarnar saman. Ef einhverjar villur koma upp á meðan tengingu stendur, kemur upp textagluggi sem gefur upp hvað vandamálið er. Þegar tenging hefur náðst er hægt að byrja nýjan fjölspilunarleik.

SPILUN Á STAÐARNETI

Þegar þú smellir á **NETWORK** í Multiplayer valmyndinni, birtist the LAN (local area network) Chat skjámyndin. Á henni getur þú slegið inn nafn þitt, skoðað og valið þá leiki sem eru mögulegir til spilunar, skoðað lista yfir þá leikmenn sem mögulegir eru, talað við fólk, smellt þér í leik eða búið til nýjan leik. Ef þú vilt snúa aftur til Multiplayer valmyndarinnar, smelltu á **CANCEL**.

Að koma inn í leik

Á hægri hlið LAN Chat skjámyndarinnar, er listi yfir alla þá leiki sem mögulegir eru. Þú byrjar alltaf netleik á aðalvalmyndinni. Þar getur þú talað við aðra leikmenn, safnað saman liði til að spila eða skoða þá leiki sem þegar eru tilbúnir. Smelltu á hvaða leik sem er og listi yfir leikmenn hans kemur upp.

Leikir sem eru opnir eru skráðir með nafni sínu einu saman, en þeir leikir sem eru lokaðir eru skráðir í sviga. Þú getur skoðað hverjir eru að spila lokaða leiki, en þú getur ekki komið inn í þá. Ef þú vilt koma inn í leik, skal velja leik úr listanum og smella á **JOIN**.

Þú getur inn í skjámynd þar sem þú getur valið ýmsar stillingar s.s. hvaða liði þú vilt stýra (annaðhvort GDI eða NOD). Þú getur einnig valið lit fyrir herdeildirnar, skoðað hvernig leikurinn er uppbyggður eða spjallað við aðra leikmenn sem eru að bíða eftir að leikur hefjist. Sá sem bjó til leikinn getur sparkað hverjum sem er út úr leiknum, þannig að hafa ber í huga að vera kurteis.

Þegar þú hefur stillt upp leiknum, getur þú smellt á **ACCEPT** takkann og er þá gefið til kynna að þú sért tilbúinn í slaginn. Þú verður að smella á **ACCEPT** svo að sá sem bjó til leikinn geti byrjað hann. Þegar höfundur leiksins smellir á **GO!**, verður allt vitlaust.

Að búa til nýjan leik

Ef þú vilt búa til nýjan leik, skal smella á **NEW** og byrja ferlið við að búa til fjölspilunarleik. The LAN Game Setup skjámyndin gerir þér kleift að velja lið og liti þess, skoða lista yfir leikmenn, eiga við stillingar leiksins, hafa samskipti við aðra leikmenn og að lokum skoða yfirlitsmynd af því korti sem spila skal á.

Þú byrjar að velja þér það lið sem þú vilt stjórna (annaðhvort GDI eða NOD), síðan skal velja þann lit sem þú vilt hafa á herdeildunum. Hér getur þú séð lista yfir alla leikmenn ásamt nöfnum þeirra, liðið sem þeir hafa valið, lit og rauða stjörnu hjá þeim sem eru tilbúnir að hefja leikinn. Sá sem er með "H" yfir sinni stjörnu er stjórnandi leiksins.

Til að velja kort sem fjölspilunarleikurinn á að spilast á skal smella á **MULTIPLAY MAP** og velja af lista sem birtist með öllum þeim kortum sem til eru. Listinn sýnir þér nafn kortsins og einnig þann fjölda leikmanna sem mælt er með að spili leikinn. Velja skal kort og smella síðan á **OK** og yfirlitsmynd af kortinu birtist. Yfirlitsmyndin gerir þér kleift að sjá kortið áður en þú byrjar að spila. Ef þú vilt ekki spila á þeim kortum sem fylgja leiknum, getur þú smellt á **RANDOM MAP** og búið til þitt eigið fjölspilunarkort.

Nú þegar búið er að velja kort, er hægt að breyta þeim stillingum sem *Command & Conquer Tiberian Sun* býður upp á. Þær eru:

AI Players:	0-6	Setja upp hversu marga tölvu andstæðinga þú vilt hafa með (ekki hægt í Tournament leikjum)
Difficulty:	0-2	Erfiðleikastig, setja skal 0 fyrir auðveldasta, 1 fyrir venjulegan styrkleika og 2 fyrir erfitt (ekki hægt í Tournament leikjum)
Unit Count:	1-10	Ákveður hversu margar herdeildir hver leikmaður byrjar með

Tech Level:	1-10	Setur hversu hátt tæknistig leiksins er (þetta takmarkar hæfileikann að ná sér í hátækni herdeildir og vopn)
Credits:	2500-10000	Stillir hversu mikinn pening leikmenn byrja með

Ásamt þessum stillingum, er einnig hægt að slökkva og kveikja á ákveðnum valmöguleikum meðan á leik stendur. Þeir valmöguleikar eru:

Allies Allowed:	Stillir hvort leikmenn geti bundist hernaðarbandalögum (ekki hægt í Tournament leikjum)
Harvester Truce:	Stillir hvort Harvester geti orðið fyrir árásum eða ekki
Bases:	Stillir hvort hægt sé að byggja herstöðvar
Re-deployable MCV:	Stillir hvort þú getir flutt Construction Yard (MCV) eftir að hann hefur verið settur niður
Fog of War:	Stillir hvort þoka sé af eða á. Ef þessi valmöguleiki er á, þá getur þú aðeins séð þá staði kortsins þar sem herdeildir þínar eru, en ekkert annað, jafnvel þó að þú hafir farið þar yfir áður.
Bridges Destroyable:	Stillir hvort hægt sé að eyðileggja brýr í leiknum.
Crates:	Stillir hvort kassar með ýmsu góðgæti séu víðs vegar um kortið eða ekki.

Ef þú hefur einhverja ástæðu til að sparka dónalegum leikmanni út, þá hefur stjórnandi hvers leiks óskorðað vald til að sparka mönnum út og er það gert með því að velja þann leikmann sem skal fara og smella á **KICK**.

Þegar þú hefur valið allar stillingar og allir hafa gefið grænt ljós á að hefja leik, skal smella á **GO!** og leikurinn hefst. Ef þú vilt hætta við að búa til leik skal smella á **CANCEL** og þú ferð aftur á LAN WOL Lobby skjámyndina.

Að búa til tilviljunarkennd kort

Þú hefur algera stjórn yfir tilbúningi korta með því að nota **random map generator**. Ief þú sjá hvernig kortið þitt lítur út smellir þú á **PREVIEW MAP** og forritið byrjar að búa til kort fyrir þig. Einnig er **SURPRISE ME** takki sem býr til kort upp á eigin spýtur.

Hér eru þau atriði sem maður getur haft áhrif á við gerð korta :

Environment:	Eyðimörk, Taiga, Tempraða beltíð, Tundra
Time of Day:	Seinni partur, kvöld, morgun, nótt
Map Width:	Lítið, millistórt, stórt, mjög stórt
Map Height:	Lítið, millistórt, stórt, mjög stórt
Seed #:	0 til 65535 (Númer notað til að búa til einstaka upplýsingar)

Þeim stikum sem lýst er hér að neðan gera þér einnig kleift að hafa áhrif á gerð kortsins.

Players:	2-8 Hversu margir leikmenn eru
Regions:	0-100 Setur upp hversu mörg svæði eiga að vera á kortinu. Minni tala setur upp færri svæði, yfirleitt flöt og aðgengileg. Stærri tala setur upp fleiri svæði.
Access:	0-100 Ákvarðar hversu aðgengileg hvert svæði er.
Hills:	0-100 Ákvarðar hve stór prósent á kortinu skal vera sett hæðum
Tiberium:	1-100 Ákvarðar hversu mikið Tiberium skal vera á kortinu.
Amount Of Tiberium Fields:	0-100 Ákvarðar dreifingu Tiberium á hverjum akri fyrir sig. Minni tala býr til færri svæði, en hærri tala býr til fleiri svæði.
Water:	0-100 Hversu mörg prósent kortsins eiga að vera með vötnum.
Vegetation:	0-100 Hversu mörg prósent kortsins eiga að vera gróin.
Cities:	0-100 Hversu mörg prósent kortsins eigi að vera undirlögð borgum.

Þegar þú ert ánægð(ur) með hvernig kortið á að vera skal smella á **SAVE**. Á skjámyndinni skal slá inn nafn fyrir kortið og smella síðan á **SAVE**. Ef þú vilt vista kortið yfir annað sem þú hefur áður búið til skal velja það kort og smella á **SAVE** og þú vistar nýja kortið yfir það gamla. Þegar þú hefur búið til kort getur þú dreift því meðal annarra leikmanna. Ef þú vilt snúa til baka án þess að vista kortið skal smella á **CANCEL**.

Ef þú hefur þegar búið til kort og vilt breyta því skal smella á **LOAD** og velja það kort sem á að breyta. Þegar þú ert búinn að breyta má ekki gleyma að vista kortið. Ef þú vilt snúa til baka án þess að vista kortið skal smella á **CANCEL**.

Ef þú vilt þurrka út kort, skal smella á **DELETE** og velja það kort sem þurrka á út og smella á **DELETE**. Ef þú vilt snúa til baka án þess að þurrka út skaltu smella á **CANCEL**.

AÐ SPILA SKIRMISH LEIK

Það er seint um kvöld og það hefur liðið yfir alla vini þína af sökum svenfleysis, en þú vilt halda áfram að spila, þá er þetta rétti staðurinn. Þegar þú ert tilbúin(n) að etja kappi við gervigreind tölvunnar skaltu smella á **SKIRMISH** á Multiplayer valmyndinni g byrja að setja upp orrustuna. Þú byrjar með því að velja það lið sem þú vilt stjórna, annaðhvort GDI eða NOD og síðan velur þú lit herdeilda þinna.

Kort verður valið fyrir þig, en ef þú vilt ekki spila á því og velja annað, skaltu smella á **MULTIPLAY MAP** og velja kort úr lista. Ef engin af þessum kortum henta, getur þú smellt á **RANDOM MAP** og búið til þitt eigið. Eftir að þú hefur valið kort, getur þú breytt hinum ýmsu stillingum leiksins.

Hægt er að breyta nokkrum stillingum leiksins, en þær eru :

Bases:	Stillir hvort hægt sé að byggja herstöðvar.
Crates:	Stillir hvort kassar með ýmsu góðgæti séu víðs vegar um kortið eða ekki.
Fog of War:	Stillir hvort þoka sé af eða á. Ef þessi valmöguleiki er á, þá getur þú aðeins séð þá staði kortsins þar sem herdeildir þínar eru, en ekkert annað, jafnvel þó að þú hafir farið þar yfir áður.

Bridges

Destroyable: Stillir hvort hægt sé að eyðileggja brýr í leiknum.

Þeim stikum sem lýst er hér að neðan gera þér einnig kleift að hafa áhrif á gerð kortsins.

Unit Count:	1-10	Ákveður hversu margar herdeildir hver leikmaður byrjar með
Credits:	2500-10000	Stillir hversu mikinn pening leikmenn byrja með
Tech Level:	1-10	Setur hversu hátt tæknistig leiksins er (þetta takmarkar hæfileikann að ná sér í hátækni herdeildir og vopn).
AI Difficulty:	0-2	Erfiðleikastig gervigreindar. Setja skal 0 fyrir auðveldasta, 1 fyrir venjulegan styrkleika og 2 fyrir erfiðasta.
AI Players:	1-7	Stillir hversu marga tölvuandstæðinga þú vilt berjast við.

Þegar þú ert ánægð(ur) með allar stillingar er hægt að byrja að spila og smella á **GO!** og hasarinn fer í gang. Ef þú vilt hætta við að búa til skirmish leik skal smella á **CANCEL** og þú ferð til baka á Multiplayer Menu.

VANDAMÁL

Ef þú ert í vandræðum með að setja inn leikinn eða að nota hann, viljum við gjarnan hjálpa.

Tryggja skal að kaflarnir um **VÉLBÚNAÐARKRÖFUR** og **INNSETNINGU LEIKSINS** séu lesnir.

Það er góð regla að loka öllum öðrum forritum áður en þú keyrir upp *Command & Conquer Tiberian Sun*, á það líka við um forrit sem tengjast skjákorti eða hljóðkorti. Einnig er gott að slökkva á sleep ham eða öðrum orkusparandi aðgerðum.

VANDRÆÐI MEÐ GEISLADISKINN

“File not found” villuboð birtast við innsetningu leiksins eða við keyrslu hans

- 1) Tryggja skal að leikurinn sé rétt settur inn. Sjá **INNSETNING LEIKS**.
- 2) Tryggja skal að geisladiskurinn sé í geisladrífínu. Geisladiskurinn verður að vera í drífínu til að keyra leikinn.
- 3) Tryggja verður að geisladiskurinn sé ekki rispaður eða skemmdur.

Vandræði með geisladríf

- 1) Tryggja skal að þú sért að nota 32-bit Windows 95/98/NT rekil til að stýra geisladrífínu. Hægt er að stilla þessa rekla í Device Manager í Control Panel.
- 2) Ekki nota 16-bit DOS rekla til að stýra geisladrífínu. Það hefur slæm áhrif á geisladrifið.

Myndskeið eða hljóð hiksta

Forðast má þetta vandamál með því að stilla CD-ROM read-ahead cache.

Til að stilla read-ahead cache:

- 1) smella skal á My Computer myndina með hægri músatakkanum og velja **PROPERTIES** from the pop-up menu.
- 2) Smella skal á **PERFORMANCE** takkann.
- 3) Smella á **FILE SYSTEM**.
- 4) Smella á CD-ROM takkann, Síðan skal smella á **“Optimise access pattern for”** kassann og velja **QUAD-SPEED OR HIGHER**.
- 5) Hreyfa **“Supplemental cache size”** stikuna á **SMALL**, síðan skal smella á **APPLY**.

Athugið: Með því að færa stikuna á **LARGE** eykur ekki gæði myndskeiða í *Command & Conquer Tiberian Sun* og er í raun líklegra til að hindra spilun þeirra

Leikurinn stoppar á tölvu með hröðu geisladrifi

Ef þú hefur mjög hraðvirkt geisladríf, er mögulegt að þú verðir fyrir stoppi í leiknum ef þú hefur tónlistina á. Þetta getur einnig orðið þess valdandi að fjölspilunarleikir aftengist. Vandamálið er að þessi hraðvirku drif slökkva á sér á milli atriða og það getur tekið 10 sekúndur eða meira fyrir þau að fara í gang aftur. Hægt er að komast fyrir þetta vandamál með því að slökkva á tónlistinni í leiknum.

VANDMÁL MEÐ SKJÁKORT

Note: Athugið: ef að skjárekillinn þinn fyrir Windows 95/98/NT styður ekki DirectDraw, er líklegt að þú lendir í vandræðum með að setja inn og keyra *Command & Conquer Tiberian Sun*.

Almennar upplýsingar um skjákort

- 1) Á meðan innsetning á DirectX stendur yfir, reynir forritið að setja inn rekil sem styður DirectDraw. Ef að skjákortið þitt styður ekki DirectDraw, mun DirectX setja inn rekil sem það gerir. Stundum virkar þetta ekki og þarf þá að nálgast rekil sem styður DirectDraw frá þeim aðila sem hefur umboð fyrir skjákortið.
- 2) Ef að skjákortið þitt hefur stuðning við DirectDraw, en sá stuðningur er ekki samþykktur af Microsoft, ertu spurð(ur) hvort þú viljir skipta núverandi rekli út fyrir annan sem Microsoft hefur samþykkt.

Lesi skal kaflann um **INNSETNINGU DIRECTX** til að fá frekari upplýsingar.

MINNISVANDAMÁL

Command & Conquer Tiberian Sun þarfnast requires 32 MB RAM og að Virtual Memory sé á. Við mælum með að Windows 95/98/NT ái að sjá um að stjórna því hversu mikið virtual memory er í gangi hverju sinni og passa skal að hafa allavega 50 MB laus á harða disknum.

HLJÓÐVANDAMÁL

Command & Conquer Tiberian Sun þarfnast hljóðkorts sem styður DirectSound. Ef að rekillinn sem stýrir hljóðkortinu styður ekki DirectSound má búast við hiksti í hljóði. Ef að hljóðkortsrekillinn styður ekki DirectSound mælum við með að talað sé við framleiðanda hljóðkortsins.

Hljóðkort er sett upp, en ekkert hljóð

Tryggja skal að hátalarar séu í sambandi og að hljóðstyrkur sé nægilega hátt stilltur.

Almennar upplýsingar um hljóðkort

- 1) Á meðan innsetning DirectX er í gangi, reynir forritið að setja inn hljóðrekla sem hafa stuðning við DirectSound. Ef að rekillinn sem stýrir hljóðkortinu styður ekki DirectSound, reynir DirectX að setja annan í staðinn sem styður DirectSound.
- 2) Ráðfærðu þig við framleiðanda hljóðkortsins ef að DirectSound reklar fyrir hljóðkortið þitt eru ekki í DirectX 6.

Lesi skal kaflann um **INNSETNINGU DIRECTX** til að fá frekari upplýsingar.

VANDAMÁL MEÐ MÓTALD

Almennar upplýsingar um mótöld

Command & Conquer Tiberian Sun notar Windows 95/98/NT sstillingar til að setja upp mótaldið

pitt. Mótaldið verður að vera rétt uppsett í Windows 95/98/NT til að það virki í leiknum.

Ef þú þarft að setja upp mótaldið í Windows 95/98/NT notaðu þá eftirfarandi skref:

- 1) Smella á **START**. **START** valmyndin opnast.
- 2) Frá **START** valmyndinni, skal velja **SETTINGS** og síðan velja **CONTROL PANEL**.
- 3) Í Control Panel, skal smella á **MODEMS**. Smelltu á **ADD**.
- 4) Ef þú hefur ekki sett upp mótald áður, skaltu láta Windows 95/98/NT inna það fyrir þig með því að smella á NEXT>.

Ef að mótaldið kom með Windows 95/98/NT diskettu með rekluum eða .INF skráum, skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda um uppsetningu.

Mótaldið virkar ekki

- 1) Tryggja skal að mótaldið sé sett rétt upp og það sé kveikt á því.
- 2) Tryggja skal að mótaldið virki rétt í Windows 95/98/NT. Ef að mótaldið er rétt uppsett og starfar með öðrum forritum í Windows 95/98/NT ætti það að starfa rétt í *Command & Conquer Tiberian Sun*.
- 3) Sumar tölvur hafa símsvara eða FAX forrit. Stundum geta þessi forrit haldið mótaldinum uppteknu þannig að önnur forrit komast ekki að því. Þú verður að loka öllum forritum sem gætu verið að nota mótaldið áður en þú ferð í leikinn.
- 4) Ef þú ert tengd(ur) internetinu í gegnum mótaldið, verður þú að slökkva á tengingunni áður en þú velur mótalds leik í *Command & Conquer TiberianSun*.

VANDRÆÐI MEÐ STAÐARNET

Ef þú lendir í vandræðum með að spila leikinn í gegnum staðarnet, er ráð að skoða leiðarvísinn sem fylgir netinu eða tala við stjórnanda netsins um vandamálið.

Almennar upplýsingar um staðarnet

Ekki keyra Windows 95/98/NT forrit sem hafa samskipti í gegnum staðarnetið (þ.e.a.s. póst forrit, forrit til áætlunargerðar eða þessháttar).

Tengingarvandamál

Tryggja skal að tölvurnar sem þú ert að reyna að tengja séu á sama neti og noti IPX samskiptaform.

Vandamál með frammistöðu netsins

Command & Conquer Tiberian Sun notar „peer to peer“ netmódel sem þýðir að hægasta tölvan ræður hraða leiksins. Til að fá bestu niðurstöðuna úr netleik, ættu allir leikmenn að hafa svipaðan tölvubúnað og vera tengdir eins beint og hægt er. Best er að allir leikmenn séu tengdir í gegnum sama hub og noti 100Mb netkort og hub.

Internet vandamál

Til að spila internet leik verður internettenging að vera til staðar.

Tengingarvandamál

Ef að þú ert tengdur við internetið í gegnum módem, er best að hringja inn áður en leikurinn er ræstur. Windows hefur „dial-on-demand“ stillingu, en hún er ekki eins trygg eins og að tengjast áður en leikurinn er ræstur.

Internet leikur tapar tengingunni

Ef þú lendir í því að tengingin dettur út eftir smá tíma, skal tryggja að tengingin sé ekki stillt til að stoppa eftir ákveðin tíma. Leita skal í leiðavísunum Windows 95/98/NT til að finna út úr þessum stillingum.

Frammistaða internettengingar

Command & Conquer Tiberian Sun notar „peer to peer“ netmódel, sem þýðir að sá sem er með hægustu tölvuna ræður hraða leiksins. Best er að allir leikmenn hafi svipaðan tölvubúnað og séu tengdir internetinu á svipuðum hraða.

Hugbúnaður og skjöl ©1999 Electronic Arts. Electronic Arts, Command & Conquer, Tiberian Sun and Westwood Studios, Westwood on-line and Westwood Studios logos eru vörumerki eða skrásett vörumerki Electronic Arts í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum. Allur réttur áskilinn. Westwood Studios er fyrirtæki í eigu Electronic Arts™. Direct Draw, Direct X, Direct Sound, Direct 3D eru vörumerki Microsoft corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum. Intel og Pentium eru skrásett vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum. Windows er annaðhvort vörumerki eða skrásett vörumerki Microsoft Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum. Öll önnur vörumerki eru í eigu viðeigandi fyrirtækja.



* WWU08801932Y *